Samþykkt þann
22. mai 2019
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði




# (1) AFSTÖÐUMYND
1 : 500

## BYGGINGARLÝSING

**Mannvirki:** *Einbýlishús*
**Heimilisfang:** *Víkurskarð 8, Hafnarfirði.*
**Landnúmer:** *225496*

**A. Almenn lýsing/Inngangur:**
Um er að ræða nýbyggingu á tveimur hæðum með innbyggðri bílageymslu að Víkurskarði 8, í Hafnarfirði. Burðarvirki verður úr krosslímdum timbureiningum (CLT) frá Binderholz í Austurríki. Að utan er húsið klætt með fíbersement plötum í gráum lit og á þaki með læstri málmklæðningu í dökkum lit. Gluggar og hurðir eru timbur/ál frá KASTRUP VINDUET, dökkgráir að lit. Plötuklæðning skal vera af gerðinni PURO PLUS frá SVK eða sambærilegu, í náttúrulegum gráum lit. CLT timbureiningarnar eru framleiddar af vottuðum aðila og er allt efnisval vottað og CE merkt. CLT timbureiningar koma á verkstað stakstæðar og eru samsettar á byggingastað. Verkið er unnið fyrir eigendur lóðarinnar.
**B.**
Heildarstærðir (brúttó).
Flatarmál 214,3 (m2) og rúmmál 771,7 (m3)
Þak 149,6 (m2)
**C.**
Lóðarstærð: 551,8 ferm. (m²).
Nýtingarhlutfall: 214,3/551,8 = ***38,84 %***
Aðkoma að húsinu er að norðanverðu.

**D. Almenn lýsingu á burðarkerfi, s.s. efnisval og eiginleikar.**
**Undirstöður:**
100mm steinullareinangrun (dren/veggjaplata)
180-200mm járnbent steinsteypa (staðsteypt).

**Botnplata:**
*Er steypt í tvennu lagi með einangrun á milli sökum gólfhita, uppbyggð sem eftirfarandi:*
200mm plasteinangrun 24 kg/m3 undir plötu,
120mm járnbent steinsteypt plata,
20mm plasteinangrun,
60mm ílögn fyrir gólfhitalagnir,
15-20mm gólfefni.

**Milliplata í bílgeymslu:**
Gólfefni (Epoxy eða flísar),
50mm ílögn fyrir gólfhitalagnir,
Áldúkur (gólfhitaskerming),
180-200mm járnbent steinsteypa.

**Milliplata í íbúð:**
15mm gólfefni og flot/afrétting,
65mm ásteypulag/Ílögn m. gólfhitalögn,
120-140mm CLT krosslímdar timbureiningar frá Binderholtz.

**Útveggur yfir jarðveg:**
8mm fíbersement klæðning í tilfallandi stærðum,
22/45 lektur/loftunarlistar c/c 600 mm,
45/95 lektur c/c 600 mm,
100mm steinullareinangrun (þéttull 30 kg/m3),
100mm CLT krosslímdar timbureiningar (fimm laga),
13mm plötuklæðning og málning eða málning á filtdúk.
**CLT krosslímdar timbureiningar jafna út rakaflæði í húsinu. Ekki er sett sérstakt rakavarnarlag innan á timbureiningar. Klæðning í íbúðarhúsi skal vera í flokki 2. Klæðning í bílskúr skal vera í flokki 1.*

**Útveggur undir jarðveg:**
100mm einangrun (veggjaplata),
180/200mm járnbent steinsteypa (staðsteypt),
Sandsparsl og málun.

**Innveggur:**
13mm klæðning og/eða málun á filtdúk,
80-100mm CLT krosslímdar timbureiningar (þriggja laga),
13mm klæðning og/eða málun á filtdúk.

**Þak:**
Standandi læst málmklæðning í dökkgráum lit.
45/95 lektur/listar c/c 600 mm,
22/95 lektur/loftunarlistar c/c 600 mm,
Þakdúkur Traspir 150,
160 mm (2x80) steinull 150 kg/m3
Þakdúkur Vapor Zenit EVO 160,
140mm CLT krosslímdar timbureiningar (fimm laga),
13mm loftaplötu klæðning og/eða málun á filtdúk.
*CLT krosslímdar timbureiningar jafna út rakaflæði í húsinu. Ekki er sett sérstakt rakavarnarlag innan á timbureiningar. Klæðning í íbúðarhúsi skal vera í flokki 2. Loftaklæðning í bílskúr skal vera í flokki 1.

**Gluggar og hurðir:**
Eru timbur ál gluggar frá KASTRUP VINDUET í Danmörku eða sambærilegum. Öll málmefni í gluggum eru ryðfrí. Gluggar og hurðir verða í dökkgráum lit að utan, en hvítum að innan. Gluggar og hurðir eru CE merkt og viðurkenndir fyrir íslenskar aðstæður. Gler sem er nær gólfi en 600mm er úr hertu gleri.
Bílskúrshurð frá „Vagnar og þjónusta" eru samlitar gluggum og hurðum að utan verðu..

**Handrið og handlistar:**
Handrið innanhúss við stiga og stigaop sem og svalahandrið utanhúss eru utanáliggjandi og úr hertu öryggisgleri.
að öðru leiti skal allur frágangur og kröfur er varða handrið og handlista verða fullnægt í samræmi við kafla 6.5. í byggingarreglugerð nr. 112/2012 með síðari breytingum.

**Einangrun:**
Allra byggingarhluta, þ.e. gerð hennar og þykkt svo og reiknað einangrunargildi hvers einstaks byggingarhluta kemur fram í meðfylgjandi orkuramma.

**Kólnunartölur:**
Heildarleiðnitap byggingar verður innan marka byggingarreglugerðar. Hámarks U-gildi byggingarhluta verða í samræmi við töflu í gr. 180.3 í byggingarreglugerð. Sjá útreikninga í viðhengi

| | |
|---|---|
| þak: | 0.2 W/m2K |
| Útveggur: | 0.3 W/m2K |
| Gluggar og hurðir: | 2.0 W/m2K |
| Bílskúrshurð: | 3.0 W/m2K |
| Gólf á fyllingu: | 0.3 W/m2K |

Útveggir, vegið meðaltal 0.85 W/m2K
*Heildarleiðnitap fyrir hvern fermetra gólfflatar er 1,05 W/m²°C*
*„Sjá meðfylgjandi (1901_Orkurammi) fyrir mannvirki"*

**Skólplagnir:**
**Framleiðandi sér til þess að allt lagnaefni uppfylli 120.1 mg. byggingreglugerðar.*
*Allt efni og allur frágangur skal uppfylla IST 68.*

**Vatnslagnir:**
Allar lagnir liggja í gólfplötu eða lagnastokkum. Við öll hreinlætistæki skulu vera stoppkranar.
Blöndunartæki í sturtum skulu vera hitastýrð til að tryggja að hitastig fari ekki yfir 55°. Öll hreinlætistæki skulu uppfylla kröfur sem gerðar eru til hreinlætistækja í flokki 1.
Efni og frágangur í samræmi við ÍST 67.

**Upphitun:**
Íbúð og bílskúr verða upphituð með gólfhitakerfi og reiknað út af hönnuði.

**Inntök og lýsing lagnaleiða:**
Inntök eru í bílageymslu, sjá lagnateikningar hönnuða.
Öll rými eru náttúrulega loftræst nema annað sé tekið fram og þá með vélrænni loftræsingu. Merkt LR á teikningum. Varmaskiptir er á heitu neysluvatni við inntak. Hringrásar lögn og dæla á heitu neysluvatni til að tryggja að hitastig í lögn sé á bili 60°C til 65°C.
Lagnir í gólfplötu skulu vera úr krossbundnu HD Polyethylen (PEX) skv. DIN 16892/3 með súrefnisvörn eða sambærileg. Hlífðarrör skulu vera úr Polyethylen.
Lagnir upp að húsi og tæki skulu vera úr krossbundnu Polyethylen samkvæmt DIN 16892/3.

**BRUNAVARNIR:**
Einbýlishús við Víkurskarð 8, er á tveimur hæðum með innbyggðri bílageymslu.
Stærð íbúðarhúss er 187,2 ferm. bílageymsla er 27,1 ferm. heildarstærð 214,3 ferm. og 771,7 Rúm.
Flokkun og notkun byggingar:
Byggingin er í notkunarflokki 3 skv. byggingarreglugerð, fyrirhuguð notkun er íbúðahúsnæði.
**Verkið skal vinna að öllu leyti í samræmi við núgildandi byggingareglugerð og reglugerðir um brunavarnir.*

**Brunahólfunn:**
Íbúð og bílgeymsla eru sér brunahólf, með EI60 eldvarnarvegg þar á milli.
Hurð á milli íbúðar og bílskúrs er EI² 60-CSm, þar sem opnun snýr að anddyri í opnu rými.

**Burðarvirki:**
Brunamótstaða burðavirkis er R30 skv. 9.9.2 gr. Tafla 9.10 og 9.11.

**Klæðningar:**
Loft og veggklæðningar eru almennt í flokki 2 skv. IST EN 13501-1. Í bílskúr verða lofta- og veggklæðningar í 1 flokki 1 skv. 9.6.8. gr.

**Flóttaleiðir:**
Eru sjö úr íbúðarhúsi en þar af eru fjórar sem björgunarop um glugga úr svefnherbergjum.

**Reykskynjarar:**
Gert er ráð fyrir stökum reykskynjurum skv. 9.4.3 gr.

**Reyklosun:**
Er um glugga og hurðar.

**Handslökkvitæki:**
Skal staðsetja í íbúð og bílskúr skv. 9.4.4 gr.
BO = Björgunarop
R = Reykskynjari
*Brunaþétta skal með stokkum þar sem þeir ganga í gegnum brunahólfandi veggi. Brunaþéttingar skal framkvæma með viðurkenndum efnum og skulu allar brunaþéttingar vera samkvæmt reglum brunamálastofnuna.*

**Loftræsing íbúða og tengdra rýma**
Kröfum um loftræsingu verður fullnægt í samræmi við grein 10.2.5.
þar sem krafa er gerð til loftræsingu allra rýma íbúða og íbúðarhúsa.
þar er m.a. átt við að fullnægjandi útsog skal vera úr eldhúsi, baðherbergi íbúðar, minni snyrtingum, þvottaherbergjum, stökum geymslum og kjallaraherbergjum.

**Hljóðvist:**
Kröfum um hljóðvist verður fullnægt í samræmi við Byggingarreglugerð nr. 112/2012: 11. hluta Hljóðvistar með síðari tíma breytingum, ásamt viðeigandi stöðlum, leiðbeiningum og reglum sem þar er vísað í. Lágmarksgæði hljóðvistar eru þar skilgreind sem hljóðflokkur C í staðlinum ÍST 45:2016.

**Bréfakassar og dyrasímar**
Bréfakassa verður komið fyrir við útihurð og sem næst anddyri skv. 6.13. 1. gr.

**Algild hönnun:**
Miðað er við algilda hönnun þar sem því er komið við. Stærðir íbúðar uppfylla þá kröfu skv. Reglugerð.
Upphitun er við gangleið frá bílastæði og að útidyrahurð. Þröskuldur við útihurð og aðra útganga uppfylla hæðatakmörkun vegna aðgengi. Greið leið er frá bílastæði.
Byggingin er sveigjanleg til að uppfylla kröfur um algilda hönnun. Til að mynda færsla á léttum veggjum og smávægilegum breytingum á innréttingum.
Hurð á baðherbergi geta opnast út.
Hurða breiddir við svalir og aðkomuhurð uppfylla kröfu gr.6.4.2 auk innihurða.
Hindrunarlaus umferðarbreidd allra dyra í byggingunni er 800 x 2100mm.
Hurðir eru þröskuldslausar nema við útihurðir þar er þröskuldur ekki hærri en aðgengiskröfur segja til um.

**Frágangur lóðar og sorp:**
Leitast verðu við að umhverfi húss falli vel inn í núverandi landslag og það skipulag sem þegar hefur verið lagt upp með í skipulagi Skarðshlíðar. Bílastæði, innkeyrsla og gangstígur að norðanverðu (aðkomu megin) eru hellulögð. Auk þessa verður pallur og göngulína umhverfis hús hellulögð.
Nota skal gróður í stað girðinga til afmörkunar lóða á lóðamörkum, að öðru leyti skal frágangur og hönnun á lóðamörkum vera í samstarfi við lóðahafa aðliggjandi lóða.
Svokallaðir djúpgámar verða staðsettir í vistgötum, þar sem gert er ráð fyrir flokkun sorps frá heimilum/íbúðum.

Öll uppgefin mál á teikningu eru í millimetrum nema annað sé sérstaklega tekið fram.

Tölvuskrá: C:\Users\Lenovo\OneDrive - SAMRAEMI\VE_2019\1901_5219 Víkurskarð 8\5219_D.rvt

| Útg.Tilv.* | Dags. | Teikn. | Skýring / Breyting. | Yfirfarið | Dags. |
|---|---|---|---|---|---|

*Tilvísun: ÚTR: útgáfa innri rýni, ÚSV: útgáfa samþ. verkkaupa, ÚTF: útgáfa til framleiðanda, ÚTB: útgáfa f/byggingarnefnd, ÚTV: útgáfa verkteikningar

VERKKAUPI / EIGANDI

Nýbygging
TEGUND VERKS

**VÍKURSKARÐ 8**
GATA/STAÐSETNING

**VS8_AFSTÖÐUMYND**
AFSTÖÐUMYND I 1/500
BYGGINGALÝSING/GREINAGERÐ

| | |
|---|---|
| LANDNÚMER: | 225496 |
| STAÐGR.: | |
| MHL: | 01 |
| MKV.: | 1:1/1:200 |
| BLAÐSTÆRÐ: | A2 |
| ÚTGÁFA DAGS: | 14.05.2019 |
| TEIKNAÐ: | Arnar S. |

**5219** VERKNR.
**A101** RAÐNR.
– ÚTGÁFA

*Arnar Skjaldarson I 031167-5829*
***hönnuður - aðal, & séruppdrátta***

*Arnar Skjaldarson I 031167-5829*
***samræmingar & hönnunarstjóri***

**SAMRAEMI** *ehf*
*BREKKUÁS 11 | 210 HAFNARFIRÐI | (354) ISLAND | FARS: 86 32 582 | samraemi@samraemi.is*

© SAMRAEMI ehf
ÖLL AFNOT OG AFRITUN TEIKNINGAR AÐ HLUTA EÐA Í HEILD ER HÁÐ SKRIFLEGU LEYFI HÖFUNDA